

04.10

Fimmtudagur 5. nóvember 1992

RÖKSTÓLAR

Paradísarmissir

Á sokkabandsdögum sínum varð hinn mjúki Kvinnalisti athvarf þeirra, sem vildu nýjan stíl í íslensk stjórnmál. Einsog kvak lóunnar boðar komu vorsins þegar snjóá leysir á vorin varð ymur grasrótarinnar að hinu milda kennihljóði Kvinnalistans, sem kallaði undir væng sinn alla þá sem vildu hið sanna lýðræði, þar sem allir máttu vera menn.

Samtökin bjuggu til „reynsluheim kvenna“ sem um skeið varð boðorð dagsins, og allt var lagt á mælistiku hinnar sértæku reynslu kvenna.

Þetta voru góðir dagar fyrir mjúkar konur og hinn nýja karl áttunda áratugarins. Hljýan og umburðarlyndið var hið geðfellda yfirbragð samtakanna, og allir, jafnvel hörðustu andstæðingar í heimi stjórnmálanna, víðurkenndu að einstakur starfsföll Kvinnalistans hefði þokka, sem léti fáa ósnortna.

En Eva var ekki lengi ekki Paradís. Hinn vélráði höggormur strákapólitíkurinnar rændi hana sakleysinu á furðu skömmum tíma og á örfáum árum hefur nú Kvinnalistinn þróast úr því að vera lýðræði hinna fjölmörgu yfir í veldi hinna örfáu. Sláttumaskína dægurstjórnmálanna hjó grasrótna niður í svörð, hinn mjúki fjaðrahamur svanamæðra á borð við **Guðrúnu Agnarsdóttur** vék fyrir karlegri skynsemd **Ingibjargar Sólrúnar** sem ákvað að slást í för með hinum strákunum, - og láta rökin ráða.

Grasrótin sölnuð

Deilan um EES hefur svipt hulunni af dapurlegri þróun innan samtakanna. Starfshópur á vegum Kvinnalistans komst einróma að þeirri niðurstöðu, að grasrótin væri dauð og allar ákvarðanir teknar á vegum örfárra þingkvenna. Svo mikill væri yfirgangur þingliðsins, að konur sinntu því ekki lengur að mæta á fundi, því þær hefðu ekki lengur áhrif.

Þetta er dapurleg niðurstaða. Ekki bara fyrir Kvinnalistann, heldur miklu fleiri, sem töldu að listinn væri að minnsta kosti merk tilraun um stjórnmál. En úrslit hennar liggja semsagt fyrir, og það er niðurstaða þeirra kvenna sem fengnar voru til rannsóknar, að starfs-

hættir Kvinnalistans séu engu betri en gömlu flokkanna. Í rauninni eru þeir ívið verri, ef eitthvað er, því allir gömlu flokkanna hafa þó reglulegt samráð við sitt fólk, þar sem stefnan er mótuð. Það má minna á nýlegan flokksstjórnarfund Alþýðuflokksins, þar sem stefnu ríkisstjórnarinnar um virðisaukaskatt var til dæmis kúvent.

En það kom fleira upp úr pokanum í tengslum við deilur þingkvenna samtakanna um EES. Umburðarlyndið er ekki lengur fyrir hendi, og harka af óvanalegri gerð er komin í staðinn.

Stjórnarskráin býður



rökin voru þau ein, að blessuð stúlkan hefði ekki lengur þær skoðanir, sem hugmyndalöggumar í hreyfingunni töldu réttar. Yfirskrift furðulegs viðtals við Kristínu í Morgunblaðinu hefði allt eins getað verið: Stalín er hér, - og kominn til að vera.

Lögguviðhorfið birtist sömuleiðis með átakanlegum hætti í niðurstöðu landsfundarinnar á Laugarvatni. Fundurinn snérist fyrst og fremst um EES. Einsog flestir hugðu, þá er Kvinnalistinn nægilega fastur í tjóðri Hjörleifs Guttormssonar og hins íhaldssama vængs stjórnarandstöðunnar til að hafna röksemdum Ingibjargar Sólrúnar. Niðurstaðan varð óbreytt stefna. Hið illa býr enn í EES.

Hins vegar ákvað landsfundurinn allra náðarsamlegast - en þó ekki fyrir en eftir harðar deilur - að leyfa þingkonunni að greiða atkvæði eftir eigin sannfæringu. Í sjálfu sér er næstum óskiljanlegt hvernig Ingibjörg Sólrún nennti að sitja undir þvítíku rugli. Vita hinar fyrrum umburðarlyndu stallsystur hennar kannski ekki, að það er stjórnarskrárvarinn réttur þingmanna að fara að eigin sannfæringu? Hvar hafa þær verið öll þessi ár?

Ömurlegt hlutskipti

Einhverjum tíma hefðu hinum dunnmjúku talskonum kvenlegra gilda þótt þetta sýna vinnubrögð karla eins og þau gerast verst. Sumar hefðu jafnvel kallað þetta stalínismus af verstu tegund. Þannig hefur það orðið hið ömurlega hlutskipti Kvinnalistans, að snúast upp í hreina andstæðu þess, sem hann var stofnaður um.

Vísast þykir þingkonum Kvinnalistans sem Ingibjörg Sólrún skyggi full mikið á þær sjálfar. Það kann líka vel að vera að þeim þyki hún njóta helsti vel sviðsljósanna fyrir þeirra smekk. Það er eigi að síður svo, að í dag er hún það flotholt sem Kvinnalistinn flýtur á. Án hennar væri rödd Kvinnalistans óskiljanlegt muldur, sem enginn legði sig eftir. Rödd hennar er þó að minnsta kosti muldur þrumunnar.

Sagan af sinnaskiptum Ingibjargar Sólrúnar er ekki síst merkileg fyrir þá sök, að lengi vel var þingkonan talin andstæð EES. Eftir að hafa skoðað málið vel og lengi komst hún hins vegar á sömu skoðun og forysta Alþýðuflokksins hefur verið um langa hríð. Það ætti að vera umhugsunarefni þeirra, sem velkjast í vafa um EES.

Hins vegar er það einskonar sátt hennar við Kvinnalistann að fylgja kröfu hans um þjóðaratkvæði um EES. Þá má spyrja: fyrst það tók hana sjálfa næstum tvö ár að komast að endanlegri niðurstöðu, hvernig á íslenska þjóðin að geta það á örfáum vikum?

Skoðanalöggur Kvinnalistans

Ekki hafði þingkonan þó fyrir birt hina skynsamlegu niðurstöðu sína úr áralangri þælingu um EES en þingsystemar brugðu sér í gervi stalínískrar skoðanalöggju. Fornaður þingflokksins, Kristín Ástgeirsdóttir, þeysti full vandlætningar á síður blaðanna og taldi efamál að hægt væri að hafa Ingibjörgu Sólrúnu í utanríkisráðgjafingum, og